



GJALDSKRÁ **fyrir leikskólagjöld í Snæfellsbæ**

Gildir frá 1. janúar 2026

1. gr.

Dvalargjald:

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.....	1.163 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 4 klt. á dag.....	18.600 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 klt. á dag.....	23.250 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 6 klt. á dag.....	27.900 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 7 klt. á dag (föstudagsstytting).....	32.318 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 8 klt. á dag (föstudagsstytting).....	36.735 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

Fæðisgjald:

Morgunmatur.....	2.865 kr.
Hádegismatur.....	5.990 kr.
Siðdegiskaffi (föstudagsstytting).....	2.293 kr.
Fullt fæði.....	11.148 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfellt. Afslátt af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við leikskólastjóra.

2. gr.

Dvalargjald við Lýsukot við Lýsuhólsskóla:

Mánaðargjald fyrir vistun – 4 dagar í viku.....	22.320 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 dagar í viku.....	27.900 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

Fæðisgjald við Lýsukot við Lýsuhólsskóla:

Morgunmatur.....	2.865 kr.
Hádegismatur.....	5.990 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfellt. Afslátt af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við deildarstjóra Lýsuhólsskóla.

3. gr.

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. desember 2025. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2026 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá leikskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2025.

Snæfellsbær, 4. desember 2025

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri